

Gjöld:

a.	Skuld við landsbankann	kr. 400 00	
b.	Til sýsluvega o. fl.	— 397 75	
c.	Til hreppavega	— 67 00	
d.	Borguð skuld við landsbankann	— 400 00	
e.	Eign til n. á.	— 228 48	kr. 1493 23

Skrifstofu Suðuramtsins, Reykjavík, 27. júní 1896.

J. Havsteen.

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinu 23.—25 júní 1896.

Ár 1896, 23. dag júnímán., var aðalfundur amtsráðsins settur og haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni Júlíus Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni (úr Vestur-Skaptafellssýslu), síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), síra Valdimar Briem á Stóra-Núpi (úr Árnessýslu), Þórði hreppstjóra Guðmundssyni á Neðra-Hálsi (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu) og síra Guðmundi prófasti Helgasyni á Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1895 og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar.
2. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir 1895 og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Vestur-Skaptafellssýslu og Árnessýslu til endurskoðunar.
3. Enn fremur var lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu fyrir 1895 og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Rangárvallasýslu til endurskoðunar.
4. Þá var enn lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld eldgosasjóðs Suðuramtsins (Eyjafjallahreppanna) fyrir 1895 og var hann falinn sama amtsráðsmanni til endurskoðunar.
5. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri eða reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólafnununina 1895—1896 og reikning skólustjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins 1895—1896.

Enn fremur voru lagðir fram reikningar yfir tekjur og gjöld kirkjunnar á Hvanneyri fyrir 1893—94 og 1894—95.

Þessir reikningar voru afhentir amtsráðsmönnum úr Borgarfjarðarsýslu og Vestur-Skaptafellssýslu til endurskoðunar.

6. Forseti skýrði frá endilegri úrskurðun sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningsins úr Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir 1893, sem amtsráðið hafði falið honum,

7. Forseti skýrði enn fremur frá því, að þeir sýslumenn, sem í hlut ættu, hefðu fullnægt úrskurðum þeim, sem amtsráðið á fundi sínum 27.—29. júní f. á. hefði lagt á sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1894.
8. Þá voru lagðir fram sýslusjóðs og sýsluvegasjóðsreikningar úr öllum sýslum amtsins fyrir 1895, sem höfðu verið endurskoðaðir af endurskoðendum sýslunefndanna og yfirtarnir af forseta ráðsins.

Reikningarnir voru samþykktir án athugasemda, nema reikningarnir úr Gullbringu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu; var forseta falið að úrskurða hinn fyrnefnda af þessum 2 sýslureikningum, að fenginni upplýsingu með eitt atriði í reikningnum; sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningurinn úr Borgarfjarðarsýslu var samþykktur með hliðsjón af fáeinum athugasemdum, sem gjörðar höfðu verið við hann.

9. Fram lögð enn og yfirtarin eptirfylgjandi endurrit af gjörðabókum sýslunefnda:

a. Úr Vestur-Skaptafellssýslu frá 19.—20. febr. þ. á.

Amtsráðið samþykkti það, sem sýslunefndin hafði ályktað, að veita 200 kr. úr sýsluvegasjóði til gufubátsferða og 150 kr. úr sýslusjóði.

b. Úr Vestmannaeyjasýslu frá 21. jan. og 24. apríl þ. á.

c. Úr Rangárvallasýslu frá 7. október f. á. og 26.—28. marz þ. á.

Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar, að verja megi úr sýslusjóði 225 kr. til gufubátsferða milli Reykjavíkur, Eyrarbakka og Eyjafjalla.

d. Úr Árnessýslu frá 8.—11. apríl þ. á.

Amtsráðið samþykkti, samkvæmt brjefi sýslumannsins, dagsettu 14. apríl þ. á., sem var fram lagt, að sýslunefndin hafði jafnað niður 2800 kr. sem sýslusjóðsgjaldi á yfirstandandi ári, en upphæð sú, sem jafna hefði mátt niður, var 1884 kr. 99 a.

Amtsráðið samþykkti enn fremur, að verja mætti úr sýslusjóði 150 kr. til gufubátsferða milli Eyrarbakka og Reykjavíkur.

e. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 22. nóvbr. f. á. og 13.—15. apríl þ. á.

f. Úr Borgarfjarðarsýslu frá 12. nóvbr. f. á. og 13.—15. apríl þ. á.

10. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja 21. septbr. f. á., þar sem hann út af óreglu, sem sumstadar hefði átt sjer stað um meðferð á styrktarsjóðum handa alþýðufólki, samkvæmt lögum 11. júlí 1890, fyrirskipar, að leggja skuli sýslumönnum fyrir, að leggja árlega fyrir sýslunefndirnar, til athugunar, skýrslur þær um hag nefndra sjóða, sem ræðir um í 8. gr. laga þessara, þannig, að þess sje getið í gjörðabókum nefndanna, svo það sjáist, bæði ef skýrslur hafi vantað og, ef eitthvað hafi fundizt athugavert við fram komnar skýrslur, en síðan skyldu amtsráðin hafa eptirlit með, að heimtað yrði það, sem vanta kynni af skýrslunum, og að hreppunum væri haldið til þess að framfylgja ákvæðum ofanneindra laga.

Af hinum fram lögðu gjörðabókarendurritum frá aðalfundum sýslunefndanna á yfirstandandi ári hafði fyr nefndum lögum verið fram fylgt eins og frá er skýrt hjer:

99

- a. Í Vestur-Skaptafellssýslu var allt í lagi hjá öllum hreppum sýslunnar og skýrslur eða reikningar til ársloka 1895 fram komnir, nema úr Hörgslandshreppi. Úr þessum hreppi vantaði skýrslur eða reikningsskil fyrir 1893, 1894 og 1895, en framlagðar skýrslur um gjaldskylda menn fyrir nefnd ár fullnægja eigi því, sem fyrir er mælt í 8. gr. laga 11. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki. Ráðið fól forseta að skora á sýslumann að annast um, að nákvæm reikningsskil yrðu gjörð fyrir alþýðusjóðnum þar í hreppnum til ársloka 1895, fyrir lok október næstkomandi og gefa forseta ráðsins tilkynning um, að svo væri gjört.
- b. Samkvæmt gjörðabókarútskriftinni úr Vestmannaeyjasýslu voru fullkomin skil gjörð fyrir styrktarsjóð hreppsins við árslok 1895.
- c. Í Rangárvallasýslu höfðu reikningar yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðanna handa alþýðufólki fyrir 1894 verið fram lagðir, nema úr Fljótshlíðarhreppi og hafa verið kosnir tveir úr sýslunefndinni til þess að endurskoða þá. Samkvæmt 8. gr. laga 11. júlí 1890, um styrktarsjóði handa alþýðufólki, eru það hlutaðeigandi hreppsnefndir, sem eiga að sjá um endurskoðun reikninganna, en amtsráðið verður að álíta, að það sje heppilegt, að sýslunefndirnar yfirlíti sjálfa reikningana. Að eins reikningarnir fyrir 1894 hafa verið fram lagðir, en með því sýslunefndarfundurinn var haldinn 26.—28. marz þ. á., þá hefðu skýrslur átt að geta legið fyrir, sem næðu til ársloka 1895, og skilríki fyrir því, að fje sjóðanna væri komið í Söfnunarsjóðinn. Út af þessu fyrirskipaði amtsráðið, að sýslumaður annist um, að hreppsnefndirnar og sjer í lagi hreppsnefndin í Fljótshlíðarhreppi hafi hinar lögboðnu skýrslur til fyrir lok næstkomandi október um efnahag fyrnefnda sjóða, sem náí til ársloka 1895; skyldi því næst sýslumaður skýra forseta ráðsins frá, að svo væri gjört.
- d. Á sýslunefndarfundum Árnassýslu 8.—11. apríl þ. á. höfðu verið fram lagðar skýrslur um efnahag styrktarsjóða handa alþýðufólki fyrir 1895, nema úr Skeiða-, Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarhreppum. Amtsráðið skipaði svo fyrir, að sýslumaður skyldi ganga eptir skýrslum og skilríkjum hjer að lútandi úr nefndum 3 hreppum fyrir lok októbermán. næstkomandi, og skýra forseta amtsráðsins frá, að svo væri gjört.

(Framh.).

Óveitt prestakall.

Hjaltastadur í Nordurmúlaprófastsdæmi, Hjaltastadar og Eidasóknir. Þrestsekkja er í brauðinu, sem nýtur eptirlauna samkvæmt lögum. Metið 1868 kr. 70 a. Veitist frá næstu fardögum. Umsóknarfrestur til ágústloka næstkomandi.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántöku handa Berunesskirkju.— 100
 Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dagsettu 6. þ. m., 8. júlí
 veiti jeg hjer með leyfi mitt til þess, að presturinn að Berufirði taki 1200 kr.
 lán, sem eigi getur fengizt úr landssjóði, til kirkjubyggingar, þannig, að lánið
 endurborgist á 16 árum með jöfnum árlegum greiðslum af tekjum kirkjunnar,
 og, ef þær eigi hrökkva til, af tekjum prestakallsins.

Þetta er stiptsyfirvöldunum þjónustusamlega til vitundar gefið til þókn-
 anlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Skýrsla

99

um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinu 23.—25 júní 1896.

(Framh.).

- e. Af gjörðabókarútskriftinni úr Gullbringu- og Kjósarsýslu 13.—15. apríl
 þ. á., sjest ekki annað en að sýslunefndin hafi við fundarlok falið for-
 seta sínum og sýslunefndarmanninum í Gardahreppi að rannsaka styrkt-
 arsjóðsskýrslur hreppanna. Jafnframt lagði forseti fram brjef sýslu-
 mannsins í nefndri sýslu 20. apríl þ. á. um það, að styrktarsjóðsgjaldið
 úr Rosmhvalaneshreppi og Grindavíkurhreppi fyrir 1893 væri innborgað
 í Söfnunarsjóðinn. Með svo felldu móti hefur sýslunefndin alls eigi full-
 nægt fyrirmælum landshöfðingjabrjefsins 21. sept. f. á., og það er eigi
 hægt að sjá af gjörðabókarendurrítinu, hvort nokkrar skýrslur hafi verið
 fram lagðar á sýslunefndarfundinum. Amtsráðið sagði svo fyrir, að
 sýslumaður skyldi annast um að allar hreppsnefndirnar sendu honum hinar
 fyrirskipuðu skýrslur, sem næðu til ársloka 1895, með nægum skilríkj-
 um fyrir því, að fje sjóðanna væri inn borgað í Söfnunarsjóðinn. Skýrsla
 um, að þessu væri fullnægt, skyldi svo vera komin til forseta fyrir lok
 október næstkomandi.
- f. Gjörðabókarútskriftin úr Borgarfjarðarsýslu viðvíkjandi fundarhaldi nefnd-
 arinnar 13.—15. apríl þ. á., ber það með sjer, að reikningarnir sjálfir
 yfir tekjur og gjöld alþýdustyrktarsjóðanna fyrir 1895 hafi verið rann-
 sakaðir, og það sjest eigi, að neitt verulegt hafi fundizt athugavert
 við þá.
11. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, 20. apríl þ. á., þar
 sem hann samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar ítrekar áskorun hennar við
 landshöfðingja frá í fyrra um, að ákveðið verði sem fyrst, hvar flutninga-
 brautir skuli lagðar um sýsluna, og fer þess á leit, að amtsráðið vilji að
 nýju beina þessu máli til landshöfðingja.
- Amtsráðið varð að vera á sömu skoðun um þetta mál sem í fyrra, sbr.
 skýrslu um fund amtsráðsins 27.—29. júní f. á. (Stjórnartíðindi 1895, B.
 bls. 195), að rjettast væri að biða með þetta, þar til landshöfðingi, að fengnu
 álit vegfræðings, um stefnu brautanna, heimtaði álit sýslunefnda og amts-
 ráða um þetta málefni. Samt sem áður hafði amtsráðið ekkert á móti því,

þ99

að skrifa landshöfðingja aptur um málaleitun þessa, og fara þess á leit, að hann gjörði ráðstafanir til þess, að ákveðið yrði, hvar leggja skyldi þessar flutningabrautir, svo eitthvað endilegt yrði gjört út um það, hvar sýsluvegirnir skyldu liggja.

12. Endurskoðendur lögðu aptur fram reikninginn yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1895, og var hann samþykktur án athugasemda.
13. Endurskoðendur lögðu fram aptur reikninginn yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins 1895, og var hann sömuleiðis samþykktur án athugasemda.
14. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, 20. apríl þ. á., þar sem hann samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar endurnýjar beiðni hennar frá í fyrra til landshöfðingja um, að hann láti verkfræðing landsins, þegar hann ætti ekki mjög annrikt, skoða brúarstæði á þessum ám í sýslunni: 1. á Soginu hjá Alviðru, 2. á Brúará milli Miklaholts og Spóastada, 3. á Tungufljóti á Vatnsleysugljúfri, 4. á Hvítá á Brúarhlöðum, og gjöra áætlun um kostnaðinn við brúargjörðir þessar.

Amtsráðið ályktaði að bera beiðni þessa aptur upp fyrir landshöfðingja, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 27.—29. júní f. á. (Stjórnartíðindi 1895, B. bls. 195), enda hefur sýslumaður skýrt svo frá, að hlutadeigandi sveitir hefðu jafnvel í hyggju að kosta sjálfar að minnsta kosti sumar af þessum brúm, ef til vill að miklu leyti.

15. Forseti skýrði amtsráðinu frá, að landshöfðinginn hefði tekið á móti húsum þeim, sem amtið átti á Kolviðarbóli, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins, 27.—29. júní f. á. (Stjórnartíðindi 1895, B. bls. 196).
16. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, 20. apríl þ. á., þar sem hann samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar fer þess á leit, að amtsráðið hlutist til um það við landshöfðingja, að hann láti vegfræðing landsins ásamt kunnugum mönnum rannsaka, hvort að öllu samtöldu væri hentugra, að leggja hinn fyrirhugaða veg milli Þjórsárbrúarinnar og Ölfusárbrúarinnar, um efri (nyrðri) leiðina eða hina fremri (syðri) leið, eða þar á milli, áður en byrjað yrði að leggja veginn, svo framarlega sem ekki væri búð að rannsaka þetta allstaðar, sem umtalsmál gæti verið um að leggja veginn; jafnframt getur sýslumaðurinn þess, að meiri hluti sýslunefndarinnar hallist fremur að efri leiðinni.

Jafnhliða þessu var lagt fram brjef amtsráðsmannsins úr Rangárvalla-sýslu, 10. apríl þ. á., er hann sendir með sömuleiðis fram lagt endurrit af brjefi sýslunefndarmannsins úr Landmannahreppi til sín 30. marz þ. á., um hinar umræddu vegastefnur, og er það álit sýslunefndarmannsins, að vegurinn skyldi lagður um syðri leiðina, sem væri beinni en hin og hefði ýmsa aðra kosti til að bera.

Amtsráðið ályktaði, að það gæti eigi farið lengra út í þetta mál, en að afgreiða fyrnefndar málaleitanir til landshöfðingja, ef hann kynni að sjá sjer fært að taka þær til greina.

17. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu, að lögferjan á Króki við Þjórsá skyldi lögð niður, enda er þessi ferjustaður skammt frá brúnni yfir Þjórsá á Þjótanda, og enn fremur þá ályktun sýslunefndarinnar í Árnessýslu, að lögferjurnar á Egilsstöðum og Ferjunesi yrðu lagðar niður.
18. Forseti lagði fram skýrslur um kennsluna í kvennaskólanum í Reykjavík fyrir skólarið 1895—96 og reikning yfir tekjur og gjöld skólans 1895—96 til yfirlits. — Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði eptir framlagðri umsókn.
19. Forseti fór þess á leit, að amtráðið vildi veita 50 kr. úr jafnaðarsjóði nú á þessu yfirstandandi ári og eptirleiðis árlega fyrst um sinn sem þóknun fyrir skriptir við amtsráðið. Amtsráðið samþykkti slíka fjárveitingu.
20. Forseti skýrði amtsráðinu frá þeim ráðstöfunum, sem gjörðar höfðu verið á árinu 1895 og yfirstandandi ári í flestum sýslum Vesturamtsins, svo og í Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn fjárkláða, sem álitíð var að gert hefði vart við sig meira eða minna, svo sem fjárskoðunum, lækningum og böðunum á stærri og minni svæðum, eptir því sem hefði þótt við eiga.

Út af tilstandandi fjárskoðunum á komandi hausti eða vetri, á því svæði, sem nú var nefnt, áleit amtsráðið rjettast, að fjárskoðanir færu einnig fram í Árnessýslu vestan Hvítár og Öfusár og enn austar, ef lögreglustjóra þætti nauðsyn til bera.

21. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu, um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafje o. s. og jafnframt erindi frá sýslunefndarmanni Kolbeini Eyjólfssyni í Kollafirði og Guðmundi bónda Magnússyni í Elliðakoti, þar sem þeir fara þess á leit, að amtsráðið synji um að staðfesta fyrnefnt frumvarp, vegna þess að þeir, sem eigendur eða ábúendur nefndra jarða væru með 19. gr. frumvarpsins sviptir þeim rjetti, sem þeir til þessa hefðu haft til að eignast ómerkinga, sem kæmu fyrir í Kollatjardarrjett og Árnakróksrjett og sem mæður ekki helguðu sjer; framlögð voru einnig álit hreppsnefndanna í Kjalarneshreppi og Mosfellssveit, og bera þessi álitsskjöl með sjer, að nefndum jörðum hefur fylgt rjettur til ómerkinga eins og sagt var, enda eru nefndirnar fúsar til að bæta hlutaðeigendum missi ómerkinganna. Með því ákvæði vantar um slíkt endurgjald í frumvarpinu, sá amtsráðið sjer samt eigi fært að staðfesta frumvarpið eða löggilda það, en vildi fela forseta sínum að staðfesta nýtt frumvarp, þar sem bætt væri úr þessu, þannig, að rjettarbændurnir fengi ómerkingana eða fast endurgjald fyrir átroðning. Að öðru leyti fann amtsráðið eigi neitt að athuga við frumvarpið, og gat sjer í lagi eigi tekið til greina nokkur mótmæli, sem komin voru fram gegn því í skjali frá hreppsnefndinni í Mosfellssveit, 19. þ. m., sem var fram lagt, svo sem um vorsmölu og rjettun hrossa.

- 99 22. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir Borgarfjarðarsýslu, um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir, fjárrekstra o. fl., og var það staðfest til þess að öðlast gildi 1. sept. 1896.
23. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir Vestur-Skaptafellssýslu um eyðing refa með eitri, sem óskað er staðfestingar á. Amtsráðið sá sjer eigi fært að staðfesta eða löggilda frumvarpið, vegna þess, að svo er ákveðið í 8. gr. þess, að sektir skuli falla til sýslusjóðs, en samkvæmt 2. gr. laga 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, eiga sektir eptir þeim reglugjörðum, sem þar ræðir um, að renna í hlutadeigandi sveitarsjóð.
24. Endurskoðandi lagði fram aptur reikning yfir tekjur og gjöld leiguliðasjóðs-ins 1895, og var hann samþykktur.
25. Endurskoðandi lagði fram aptur reikning yfir tekjur og gjöld eldgosasjóðs-ins 1895, og var hann einnig samþykktur.
26. Í samhljóðan við brjef landshöfðingja, dagsett 28. desbr. f. á., sem var fram lagt, um það, að sýslunefndir og amtsráð ljetu, eptir ósk neðri deildar alþingis, í ljósi álit sitt um, hvort eigi væri unnt að gjöra frekari ráðstafanir, en nú ætti sjer stað til eyðingar refum hjer á landi, lagði forseti fram þessi álit allra sýslunefnda í amtinu, nema sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjasýslu, sem eigi hafði verið leitað, og nefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem þrátt fyrir það, að amtið hafði í brjefi sínu til sýslumanns-ins þar, dagsettu 31. desbr. f. á., lagt svo fyrir, að hin eptirvæntu álit yrðu að vera komin fyrir næsta aðalfund amtsráðsins, hafði á síðasta fundi sínum sett nefnd til þess að fhuga þetta mál og láta uppi álit sitt um það síðar, sem sje á haustfundi.

Tillögur sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu, Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu ganga allar út á það, sem útheimtir ný lög, en sýslunefndin í Rangárvallasýslu álltur, að eigi sje til neins að búa til ný lagaákvæði um þetta efni, heldur riði mest á því, að framkvæmdir á þeim reglum, sem þegar væru settar, færi í lagi, en sjerstök þvingunarlög í þá átt getur hún ekki sjeð, að hafi neina þýðingu.

Amtsráðið ljet uppi það álit sitt um þetta mál, að nauðsynlegt væri, að gjörð yrðu almenn lög, sem giltu fyrir allt landið um eyðing refa og grenjavinnslu, sem kæmu í staðinn fyrir hinar núgildandi reglugjörðir um eyðing refa; skyldi eptirlitið með þeim framkvæmdum, sem hjer að lúta, falið sýslunefndunum, sem kysu svo marga menn úr hverri sýslu, sem þeim þætti við þurfa til þess að hafa umsjón með eyðingu refa, með eitri og grenjavinnslu; enn fremur skyldu lögin hafa inni að halda reglur, sem tryggðu samvinnu í þessu tilliti milli sýslunnanna innbyrðis, og skyldi svo ákveðið, að allur kostnaður við eyðing refa, hvar sem væri, skyldi greiðast úr sýslusjóðum, sem allar sektir fyrir brot gegn lögum þessum skyldu renna til. Andvirði óskilafjar mætti einnig falla til sýslusjóða, ef sýslunefndir kynnu að ákveða svo.

27. Forseti bar undir amtsráðið samkvæmt 1. gr. laga 13. apríl 1894, um breytingar á 3. og 5. gr. yfirsetukvænnalaga 17. desbr. 1875, erindi yfirsetu-

konunnar í 4. yfirsetukvenna umdæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu (Seltjarnarneshreppi) Sigríðar Sigvaldadóttur, þar sem hún fer þess á leit, að amtsráðið vilji leggja undir úrskurð landshöfðingja neitun sýslunefndarinnar á fundi 22. nóvbr. f. á., um að veita henni 20 kr. launaviðbót eptir aldri, og var enn fremur fram lagt álits sýslunefndarinnar um nefnt erindi.

Meiri hluti amtsráðsins komst að þeirri niðurstöðu, að leggja það til, að yfirsetukonu þessari yrði veitt nokkur launaviðbót vegna þeirra meðmæla, sem hlutaðeigandi læknir hefur veitt henni, og vottorðs hreppsnefndarinnar um framkomu hennar og efnakringumstæður, en eigi samt meira en 10 kr. árlega, þar sem hún eigi enn hefði þjónað nema 13 ár.

28. Forseti lagði fram erindi frá Sigurði bónda Egilssyni á Þjótanda 15. þ. m., þar sem hann fer þess á leit, að amtsráðið vilji veita sjer 30 kr. úr amts-sjóði, sem þóknun fyrir ágang þann, sem hann varð fyrir 28. júlí f. á., þá er brúin yfir Þjórsá var vígð.

Amtsráðið sá sjer eigi fært að veita neitt fje í þessu skyni úr amts-sjóði, en vildi skjóta beiðni þessari til landshöfðingja með meðmælum sínum, ef hann kynni að sjá sjer fært að greiða endurgjald það, sem sótt er um, úr landssjóði.

29. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 28. desbr. f. á., um að útvega tillögu sýslunefnda um breytingar á hinni núgildandi læknaskipun, og voru tillögur þessar fram lagðar og einnig tillögur hjeraðslæknisins í 2. læknishjeraði, sem eigi hafði getað mætt á hlutaðeigandi sýslufundi.

Eptir tilmælum forseta tók amtsráðið mál þetta til umræðu, og ljet það uppi svo látandi álit sitt og tillögur um, hvernig læknaskipun í Suðuramtinu þyrfti að vera til þess almenningur gæti orðið aðnjótandi fullnægjandi læknishjálpar, að skipun læknahjeraðanna skyldi vera þannig:

1. Vestur-Skaptafellssýsla frá Skeiðarársandi að Hólmsá og Kúðafljóti.
2. Vestur-Skaptafellssýsla frá Hólmsá og Kúðafljóti að Jökulsá á Sólheimasandi, að við bættum Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvalla sýslu.
3. Vestmannaeyjar.
4. Rangárvallasýsla að undan skildum Austur-Eyjafjallahreppi.
5. Úr Árnassýslu: Hreppar, Skeið, Biskupstungur, Grímsnes og Grafningur.
6. Úr Árnassýslu: Flói, Ölfus og Selvogur.
7. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu: Grindavíkur-, Hafna-, Miðness-, Rosmhvalaness-, Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppar.
8. Reykjavík, með Seltjarnarness- Garða- og Bessastaðahreppum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.
9. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu: Mosfellssveit, Kjalarnes og Kjós ásamt Þingvallasveit í Árnassýslu.
10. Úr Borgarfjarðarsýslu: Hvalfjarðarstrandar-, Leirár-, Mela- og Skilmanna- og Ytri- og Innri-Akraneshreppar.

99

11. Úr Borgarfjarðarsýslu: Andakíls-, Skorradals-, Lundareykjadals-, Reykholtsdals- og Hálsahreppar, auk syðri hlutans af Mýrasýslu.

Ef stefna alþingis skyldi ganga í þá átt, að fjölga að mun hinum núverandi læknaþjeruðum vildi amtsráðið lýsa því yfir, að þá yrði að hafa læknaþjeruðin að tiltölu fleiri í Suðuramtinu en talin eru að framan.

30. Þá voru lagðir fram aptur reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri eða reikningur yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólastofnunina 1895/96, reikningur yfir tekur og gjöld skólabúsins 1895/96 og reikningar yfir tekjur og gjöld kirkjunnar á Hvanneyri fyrir 1893/94 og 1894/95, eptir að þessir reikningar höfðu verið endurskoðaðir af þeim amtsráðsmönnum, sem þar til höfðu verið kvaddir. Reikningarnir voru samþykktir án athugasemda.

Framlögð var enn fremur skýrsla um kennsluna í skólanum 1895/96, og skrá yfir eignir skólans. Á skólaárinu 1895/96 höfðu lærisveinar verið 4, en svo höfðu 2 bætt við, svo þeir eru nú 6 að tölu. Fjós og hlaða, sem komið hafði verið upp á Hvanneyri á hinu liðna fardagaári, höfðu kostað 2992 kr. 76 a., en til þessara bygginga höfðu verið áætlaðar 2979 kr.

Amtsráðið ályktaði að borga ábúandanum á hjáleigunni Hamrakoti, sem er lögð undir aðalbýlið, ekkjunni Ingibjörgu Teitsdóttur, 200 kr. fyrir að standa upp af jörðinni, sem hún hafði lífstíðarbygging fyrir og setið vel; enn fremur mætti gefa henni eptir hið litla álag, sem metið yrði á jörðina.

(Framh.).

Styrkur úr landssjóði.

21. júlí var samkv. auglýsingu 28. okt. 1893, (Stj.tíð. 1893, B. bls. 136) úthlutað styrk þeim, sem ræðir um í 10. gr. C. 4. b. í fjárlögunum fyrir árin 1896 og '97 til eptirnefndra 99 búnaðarfjelaga, sem sent höfðu bónarbrjef til landshöfðingja í tæka tíð og að öðru leyti fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndri auglýsingu, svo sem hjer segir:

Nöfn búnaðarfjelaganna.	Dagsverk tekin til greina	Styrkur kr. a.
1. Jarðræktarfelag Reykjavíkur	1833	498 40
2. Búnaðartfelag Seltjarnarnesshrepps	701	190 60
3. ——— Mosfells- og Kjalarnesshreppa	1351	367 30
4. ——— Njarðvíkurhrepps	516	140 30
5. ——— Hraungerðishrepps	325	88 30
6. ——— Villingahollshrepps	413	112 30
7. ——— Ölfushrepps	1141	310 20
8. ——— Gnúpverjahrepps	294	79 90
9. ——— Stokkseyrarhrepps	670	182 20
10. ——— Skeiðahrepps	427	116 10
11. ——— Gaulverjabæjarhrepps	834	226 70
12. Jarðræktarfelag Biskupstungnahrepps	534	145 20

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinu 23.—25 júní 1896.

(Niðurl.).

Forseti lagði fram brjef amtsráðsmannsins úr Vestur-Skaptafellssýslu, 24. febr. þ. á., þar sem hann stingur upp á því, að komið yrði á fót á Hvanneyri kennslu í því að smíða jarðyrkjuverkfæri í svipuðum stíl, en nokkru fullkomnari, en verið hefur við skólann í Olafsdal, og álit skólanefndarinnar um mál-efni þetta. Nefndin álitur að gjöra mætti nokkra byrjun til slíkrar kennslu með því að útvega nauðsynleg smíðatól og verkefni, sem mundi kosta um 500 kr. og smíð í svo sem 3 mánuði að vetrinum á hverju skólaári til þess piltum yrði kennt að smíða hin smærri jarðyrkjuverkfæri, svo sem ristaspáða, hjólbörur, ávinnsluherfi, taðkvarnir, hverfisteins umbúnað o. fl.

Amtsráðið samþykkti að veita 500 kr. til þess að kaupa verkfæri og efni til notkunar við smíðakeanslu þá, sem stjórnarnefndin hefur fyrir augum, en kaup smíðsins, sem ætlazt er til að verði 1 kr. 25 a. til 1 kr. 50 a. á dag auk fæðis, mundi borgast með því, sem fengist fyrir seld verkfæri.

Amtsráðið samþykkti þær ráðstafanir, sem gjörðar höfðu verið af stjórnarnefnd skólans og forseta amtsráðsins, til þess að byggja á Hvanneyri geymsluhús og þurkhús, þar sem eigi lengur mátti nota gömlu kirkjuna þar sem skemmu. Áætlaður kosnaður við byggingar þessar var talinn 1550 kr.

Amtsráðið ályktaði að leggja 2000 kr. á yfirstandandi færdagaári til eflingar skólabúinu og til ýmislegra útgjalda við það.

Þá var samin eptirfylgjandi áætlun um tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri fyrir 1896/97.

Tekjur:		kr.	a.
1. Af landssjóðsstyrknum fyrir 1896 ¹	kr. 2000		
2. Úr búnaðarskólasjóði	— 1660		
3. Tekjur kirkjunnar 1895/96	— 150		
4. Útistandandi skuldir	— 208		
5. Úr jafnaðarsjóði	— 3382		7400 00

Gjöld:

1. Afborganir upp í lán og vaxtagreiðslur:			
a. til landssjóðs	kr. 1504		
b. til landsbankans	— 606		
c. til kirkjusjóðsins	— 156	—	2266
2. Laun skólastjóra	— 1000		
3. Bygging skemmu og hjalls	— 1250		
4. Ýmislegt til skólans	— 2000		
(Í þessum gjaldið felast 300 kr. af kostnaðinum við bygging skemmunnar)		Flyt: —	6516

1) Hinn helmingurinn er talinn til útgjalda á reikningsárinu 1895/96, en á því tímabili var byggt fjós og hlaða á Hvanneyri, sem kostaði 2992 kr. 76 a.

99

	Flutt: kr.	6516	kr. a.
5. Ahöld og efni til smíðakennslu	—	500	
6. Til bókakaupa handa lærisveinum	—	100	
7. Ýmsar lausaskuldir	—	284	7400 00

Að endingu samdi amtsráðið yfirlit yfir efnahag búa-
aðarskólafundunarinnar í fardögum 1896.

Eignir:

1. Hvanneyri með kirkjuferðum, hjáleigum og ítökum m. m., að kirkjunni sjálfri undantekinni	kr. 16000		
Frádrögð fyrir álag á jarðarhús og vöntun húsa	— 350	kr. 15650,00	
2. Hús önnur en jarðarhús	—	11400,00	
3. Lifandi peningur (auk kúgilda)	—	3684,00	
4. Jarðyrkjuverkfæri, þar með heyskaparáhöld	—	1166,35	
5. Bækur og kennsluáhöld	—	198,45	
6. Annað lausafje	—	2153,30	
7. Útisstandandi skuldir	—	208,18	
8. Heyfirningar	—	1800,00	
9. Kirkjan á Hvanneyri	—	3800,00	40060 28

Skuldir:

1. Óborguð lán:			
a, úr landssjóði	kr. 27392,55		
b, úr landsbankanum	— 4050,00		
c, úr kirkjusjóði	— 1400,00	— 32842,55	
2. Ýmsar skuldir	—	284,00	
3. Mismunur	—	6933,73	40060 28

31. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á ári-
nu 1897:

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar við árslok 1896	—	2000,00	
2. Niðurjöfnun	—	3515,00	5515 00

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	—	550,00	
2. Bólusetningar frá 1895 og fyrri tímum	—	100,00	
3. Ferðakostnaður	—	200,00	
4. 3. Afborgun upp í og vaxtagreiðsla af láni til Ölfus- árbrúarinnar	—	482,63	
5. Menntamál (Kvennaskólinn í Reykjavík)	—	100,00	
6. Ýmisleg útgjöld	—	200,37	
7. Til búnaðarskólans á Hvanneyri	—	3382,00	
8. Eptirstöðvar	—	500,00	5515 00

1) Sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 27.—29. júní f. á. (Stjórnartíð. 1895, B. bls. 198).

Með því það, sem nú má jafna niður samkvæmt 36. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, sbr. 6. gr. laga 8. nóvbr. 1895 um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum, að eins er 2234 kr. 85 a., var forseta falið að leita samþykkis landshöfðingja til framangreindrar niðurfjöfnunar,

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Skrifstofu Suðuramtsins, Reykjavík 3. júlí 1896.

J. Hævsteen.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Búnaðarsjóðs Austuramtsins 1895.

	Tekjur:	kr. a.	kr. a.
1. Í sjóði 1. jan. 1895:			
a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabréfum	835 52	
b. Í skuldabréfum einstakra manna	800 00	1635 52
2. Vextir:			
a. Af uppsegjanlegum kgl. skuldabréfum	33 42	
b. Af skuldabréfum einstakra manna	32 00	65 42
			<u>1700 94</u>
	Gjöld:		
1. Styrkur veittur búnaðarskólanum á Eiðum		65 42
2. Í sjóði við árslok:			
a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabréfum	835 52	
b. Í skuldabréfum einstakra manna	800 00	1635 52
			<u>1700 94</u>

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri, 19. jan. 1896.

Páll Briem.

Reikningur.

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar 1895.

	Tekjur:	kr. a.
1. Í sjóði 1. jan. 1895:		
Innritunarskírteini A. fol. 91	1600 00
2. Vextir frá $11/6$ 94— $11/6$ 95	56 00
		<u>1656 00</u>
	Gjöld:	
1. Styrkur veittur Jóni Jónssyni á Hróaldsstöðum	56 00
2. Í sjóði við árslok:		
Innritunarskírteini A. fol. 91	1600 00
		<u>1656 00</u>

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri, 19. jan. 1896.

Páll Briem.